

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1722  
komudagur 9.4.2002 9/4/02

Iðnaðarnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík  
Fax 5630430

**Athugasemdir vegna tillögu um könnun á sjóðandi lághitasvæðum (mál 192).**

Orkuveita Húsavíkur nýtir í dag 120°C heitt vatn til raforkuframleiðslu sem fullnægir 70% af raforkuþörf Húsavíkur. Raforkuvinnslan hefur gengið áfallalaust, ef frá eru taldir erfiðleikar sem urðu í upphafi vinnslunnar. Þeir erfiðleikar stöfuðu af því að verið var að reyna nýja tækni. Áætlað verðmæti raforkunnar sem framleitt er með þessum hætti er um 50 millj.kr. á ári.

Orkuveitan hefur skrifað undir sölusamning við lyfjafyrirtæki sem hyggst nota 120°C heitt vatn til lyfjaframleiðslu. Starfssemin mun hefjast síðar á árinu.

Að framangreindu sést að það eru ýmsir möguleikar á nýtingu á sjóðandi jarðhitasvæða og mun nýting þeirra án efa styrkja byggð á viðkomandi svæði.

Fyrir hönd Orkuveitu Húsavíkur

  
Hreinn Hjartarson